

77 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um notkun landssímanna í embættisparfir.**

8. júlí

Að gefnu tilefni skal yður, herra sýslum., hjermeð tjáð, að yður því að eins er heimilt, og þá jafnframt lík skylt, að nota landssímanna í embættisparfir, að málið þoli ekki þá bið, er leiða mundi af venjulegri afgreiðslu þess með pósti, og að landssjóði hefði borið, ef málið hefði verið afgreitt með pósti, að endurgjalda burðareyrinn samkvæmt þarum gildandi reglum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og eftirbreytni.

78 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning kirknanna að Reykjum og Arnarbæli í Ölvesi og bygging nýrrar kirkju að Kotströnd.**

17. júlí

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegrí ályktun hjeráðsfundarins í Árnesprófastsdæmi 4. júní þ. á., skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 19. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til að kirkjurnar að Reykjum og Arnarbæli í Ölvesi verði lagðar niður, að Reykjasókn og Arnarbælisókn verði ein kirkjusókn, er nefnist Kotstrandarsókn, og að bygð verði ein kirkja fyrir hinar sameinuðu sóknir norðanvert við Kotstrandartún nálægt þjóðveginum, er nefnist Kotstrandarkirkja, enda tilfalli þeirri kirkju tekjur þær allar, er áður hafa tilfallið Reykjakirkju og Arnarbælikirkju.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

79 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði Bolungarvíkur.**

29. júlí

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórn sparisjóðs Bolungarvíkur, Sigurði Jónssyni kennara, Pjetri Oddssyni kaupmanni og Hálfðáni Örnólfssyni hreppstjóra, vill stjórnarráðið hjermeð veita tjeðum sparisjóði um næstu 5 ár frá 1. sept. þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir tjeðri stjórn sjóðsins.